

131

1. okt.

4. gr.

Í 70. gr. kemur í stað „100 krónum“: 1000 krónum.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 1. október 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

132

4. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs hátaútvogsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 6, 7, 8, 9, 10, 14, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

7. svæði: Hafnarfjörður

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

8. svæði: Reykjavík

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

9. svæði: Akranes

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

10. svæði: a. Hellissandur

1. janúar—15. maí

b. Rif

1. janúar 15. maí

1. október—31. desember

c. Ólafsvík

1. janúar—15. maí

1. október—31. desember

14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður

1. febrúar—31. maí

1. október—15. desember

15. svæði: Arnarfjörður
1. janúar—15. maí
1. október—15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
1. marz—30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík
1. apríl—15. desember
30. svæði: Vopnafjörður
1. júní—31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
1. febrúar—31. maí
1. júní—30. nóvember

3. gr.

Töluliðir 6, 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
15. febrúar—11. maí.
1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík
15. febrúar—11. maí.
1. september—31. desember
10. svæði: Hornafjörður
1. marz—11. maí

4. gr.

Töluliðir 22, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður
15. júlí—31. október
27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl—30. nóvember
30. svæði: a. Húsavík
1. apríl—15. nóvember
b. Flatey
1. apríl—15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn
1. marz—11. maí

5. gr.

Stafliður g í 3. gr. færast aftur og verði stafliður h, en nýr stafliður g. orðist svo:
g. Fyrir skip í XVI. og XVIII. flokki.

1. svæði: Berufjörður—Ingólfshöfði
1. marz—31. maí
2. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
1. marz—31. maí

6. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 196 5. des. 1957 og reglugerð nr. 29 7. marz 1958, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

132 Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um 4. okt. hlutatryggingasjóð bátautvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 4. október 1958.

Lúðvík Jósepsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

133
4. okt.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Hveragerðis.

I. RAFORKA

Rafveita Hveragerðis selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst.
 2. Um kwst.mæli á 85 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 14.00 á ári af fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólf-fleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.50 á ári af fermetra.
- Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 12.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt.

Mælisleiga er innifalin í fastagjaldinu.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi minni en 5 m² skal telja sem hálf, en stærri en 25 m² sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m², má reikna með þeirri meðalstærð.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 300.00 fyrir hvert kw. í málraun véla.
Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til lýsingar og greiðist þá, auk orkugjaldsins, fastagjald er nemi kr. 10.00 á ári á hvern fermetra gólf-flatar, í rúmi því er lýsa skal. Fyrir ganga og geymslur greiðast þó kr. 3.00 á ári á fermetra
2. Um afl og orkumæla þannig reiknað:

1. Grunnjald	750.00 kr. á ári.
2. Aflgjald af notuðu afli	750.00 kr. á kw. á ári.
3. Orkugjald

Notað afl telst vera meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálestra hvers almanaksárs. Aflnotkunin mælist sem meðalálág yfir stundarfjórðung og álestrar fari fram sem næst mánaðarmótum. Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.